



Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is


Reykjavík 11. maí 2017
Tilv.: UMH16030077/0012

Meðfylgjandi er minnisblað umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis vegna mats á áhrifum frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, losun frá iðnaði og skráningarskylda), á sveitarfélög. Frumvarp þetta liggur nú fyrir á yfirstandandi löggjafarþingi og er til umfjöllunar í umhverfis- og samgöngunefnd (376. mál).

Eins og fram kemur í minnisblaðinu þá hafa ráðuneytinu borist athugasemdir frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga við það að frumvarpið hafi ekki verið kostnaðarmetið sérstaklega í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 í samráði við Samband Íslenskra sveitarfélaga. Það er hins vegar mat ráðuneytisins að því hafi ekki verið skylt að meta sérstaklega áhrif frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Það mat ráðuneytisins byggir á því að frumvarpið mun leiða til þess að umsvif heilbrigðisnefnda sveitarfélaga muni minnka hvað útgáfu starfsleyfa varðar en að nefndirnar séu þá betur í stakk búnar til að sinna eftirlitshlutverki sínu svo og að hagræða í rekstri. Samþykkt frumvarpsins hafi af þeim sökum ekki áhrif til kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin. Ráðuneytið telur hins vegar rétt að koma til móts við umræddar athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga með því að gera nánari grein fyrir kostnaðaráhrifum frumvarpsins í meðfylgjandi minnisblaði um mat á kostnaðaráhrifum framangreinds frumvarps, sem hér með er komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd. Minnisblað þetta hefur verið lagt fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Fyrir hönd ráðherra


Íris Bjargmundsdóttir


Kjartan Ingvarsson